

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 186/2022

2022/EES/66/22

frá 10. júní 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/352 frá 29. nóvember 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/815 að því er varðar uppfærsluna 2021 á flokkunarfræði sem mælt er fyrir um í tæknilegum eftirlitsstöðlum um forskriftir fyrir sameiginlegt rafrænt skýrslusnið <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 29dd (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0352**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/352 frá 29. nóvember 2021 (Stjútíð. ESB L 77, 7.3.2022, bls. 1).“

## 2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/352, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2020 frá 12. júní 2020 <sup>(²)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 77, 7.3.2022, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(²)</sup> Verður birt.